

Kennsluáætlun 2019-20

4. bekkur

Efnisyfirlit

Námsgrein og bekkur: Íslenska í 4. bekk	2
Námsgrein og bekkur: Stærðfræði í 4. bekk	5
Námsgrein og bekkur: Enska 4. bekkur	10
Námsgrein og bekkur: Náttúrugreinar í 4. bekk	12
Námsgrein og bekkur: Upplýsingatækni 4. bekkur	16
Námsgrein: Heimilisfræði 4. bekkur	18
Námsgrein: Myndmennt 4. bekkur	20
Námsgrein: Hannyrðir 4 . bekkur	21
Námsgrein: Hönnun og smíði 4. bekkur	22
Námsgrein og bekkur: Íþróttir 1.-4. bekkur	24
Námsgrein og bekkur: Sund 1.-4. bekkur	28
Námsgrein og bekkur: Dans 1.- 4. bekkur	32
Námsgrein: Tónmennt - 4. bekkur	33



Námsgrein og bekkur: Íslenska í 4. bekk

Vikustundir: 4 klst.

Kennarar: Harpa Rut, Erna Þórey og Gréta

Samstarfsfólk: Anna Lís og Arna

Yfirlit

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
23.08. – 04.06. Haust og vor	Talað mál, hlustun og áhorf - Getur greint frá upplifun sinni eftir að hafa hlustað eða horft á leikið efni, ljóð og söngva. - Getur nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt kjarna þess. - Þjálfast í upplestri fyrir litlu upplestrarkeppnina, beitir þar skýrum og áheyrilegum framburði. - Getur tjáð skoðanir sínar og fært einföld rök fyrir þeim. - Á góð samskipti, sýnir virka hlustun, áhuga og kurteisi. Lestur og bókmenntir - Les áheyrilega. - Les fjölbreytt efni við hæfi, s.s. sögur, ljóð og ævintýri. - Velur sér lesefni sem hæfir áhuga og þörfum. - Þekkir og getur rætt um <i>sögupráð</i>, <i>boðskap</i> og <i>umhverfi</i> texta. - Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum og nýtt upplýsingarnar í	Lestur, lesskilningur og málnotkun Nemendur lesa alls kyns texta og leysa ýmiss konar lesskilningsverkefni út frá þeim, bæði munnlega og skriflega. Samhliða þeirri vinnu verða rifjuð upp ýmis atriði tengd málnotkun, svo sem samheiti, andheiti, samsett orð, sérnöfn og samnöfn. Notast verður við námsbækurnar <i>Lesrúnu 2</i> og <i>Könnum kortin 2</i>, valda texta og verkefni úr gömlum samræmdum prófum, ljósrituð verkefni frá kennurum og texta úr ýmsum sögubókum, svo sem <i>Sögusteini</i>, <i>Óskasteini</i> og <i>Völusteini</i>. PALS - Þör að læra saman. Nemendur lesa ýmsar bækur í pörum og ræða efni þeirra samkvæmt aðferðum PALS. Skrift. Nemendur skrifa brandara, fróðleiksmola, ljóð og fleira eftir forskrift og fá þannig æfingu í að draga rétt til stafs, láta stafina standa rétt á línu og hafa hæfilegt bil á milli orða.	Einstaklingsvinna, para-vinna og hópvinna. Byrjendalæsi. Orð af orði. PALS. Gagnvirkur lestur, punktalestur, kórlestur og fleiri lestraraðferðir. Innlagnir. Sýnikennsla. Umræður. Vinnubókarvinna. Skrifleg verkefni. Skrifleg tjáning. Myndræn tjáning. Munnleg tjáning. Námsspil. Námssleikir. Verklegar æfingar Ýmis forrit í spjaldtölvu Vinnusvæði. Nemendur 3. og 4. bekkjar vinna saman í smærri hópum á	Leiðsagnarmat samhliða vinnu nemenda. Lesferill MMS í september, febrúar og maí. Samræmt próf í íslensku í lok september. Lesskilningsprófið Orðarún í október og febrúar. Nemendur safna verkefnum sínum í plastmöppu jafnt og þétt yfir tímabilið. Skrifleg umsögn fyrir PALS í lok annar byggð á gátlistanum. Kennari gefur nemendum munnlega og/eða



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	vinna. Getur lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. - Les u.þ.b. 120 orð á mínútu að vori. Ritun - Skrifar læsilega og dregur rétt til stafs. - Getur skrifað fjölbreyttan texta, s.s. fréttir, sendibréf, boðskort eða frásögn og leyft öðrum að njóta skrifanna. - Notar einfaldar stafsetningarreglur í ritun texta (-ng og -nk reglan kynnt). - Þekkir og vinnur með mismunandi textagerðir, s.s. fréttir, frásögn og auglýsingar úr bókum, blöðum og af veraldarvefnum. Málfræði - Getur nýtt sér stafrófið til leitar og við skipulag. - Gerir sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - Getur fundið kyn og tölu nafnorða. Getur bætt greini við nafnorð og stafsett rétt með hjálp orðanna minn og mín. - Getur fallbeygt nafnorð og þekkir heiti falla. - Getur stigbreytt lýsingarorð. - Getur fundið nútíð og þátíð sagnorða.	Stafsetning Rifjaðar verða upp og lagðar inn einfaldar stafsetningarreglur og nemendur leysa stafsetningarverkefni af ýmsu tagi, svo sem eyðufyllingar, sóknarskrift, spil, leiki og upplestraræfingar. Notast verður við <i>Hljóðskraf</i>, vefefni frá MMS og ljósrituð verkefni eftir kennara. Unnið verður með stóran og lítinn staf fremst í orðum, hv-orð, þ og ð, n og nn í enda orða, einfaldan og tvöfaldan samhljóða og ng- og nk-regluna. Ritun Farið verður í einkenni mismunandi textagerða og nemendur æfa sig í ritun texta af ýmsu tagi. Málfræði Rifjaðir verða upp málfræðiþættir sem nemendur hafa áður unnið með áður og þekking þeirra á þeim dýpkuð, sem og færni þeirra til að vinna með þá. Litla upplestarkeppnin (nóv – jan). Nemendur fá markvissa þjálfun í upplestri. Þeim verða kenndar ýmsar upphitunaræfingar fyrir raddbönd og fræddir um mikilvægi boðorðanna 7 í upplestri. Þau eru líkamsstaða, raddstyrkur, blæbrigði, hraði, notkun talfæra, framburður og samskipti við áheyrendur. Nemendur lesa ljóð, leikrit og sögur, ýmist einir, í pörum eða í	vinnusvæðum og er alla jafna unnið á þeim fjórum sinnum í viku. Á vinnusvæðunum leysa nemendur ýmis verkefni í mismunandi námsgreinum og eru þau ýmist sett fyrir af kennara eða valin af nemendum. Vinnusvæði skólaársins verða meðal annars minnissvæði, málfræðisvæði, stærðfræðisvæði, spilasvæði, ritunarsvæði, enskusvæði, rökhugsunarsvæði og þrautasvæði.	skriflega endurgjöf fyrir verkefni sín. Stafsetningarkannanir. Leiðsagnarmat samhljóða vinnu nemenda. Sjálfsmat nemenda sett í námsmöppu ásamt verkefnum að eigin vali. Upplestrarhátíð í lok janúar.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
		kórlestri. Nemendur munu jafnframt undirbúa sig heima með því að lesa þar ákveðna texta sem svo er unnið með í skólanum. Litlu upplestrarkeppninni lýkur með upplestrarhátíð í lok janúar. Byrjendalæsi Unnið verður m.a með sögurnar/bækurnar: Leitin að haferninum. Tunglið Goðsögur Pípudraugurinn. Óskasteinn Pilturinn sem gat breytt sér í fálka, ljón og maur.		

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á namfus.is undir flípanum Verkefnabók.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.



Námsgrein og bekkur: Stærðfræði í 4. bekk

Vikustundir: 4 klst.

Kennarar: Erna Þórey og Jónína Björk

Samstarfsfólk: Anna Lís og Arna

Yfirlit

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
26.08-04.06 Haust og vor	Að geta spurt og svarað um stærðfræði Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Nemandi: Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi. • Getur gert grein fyrir muninum á orðadæmi og reikningssögu. • Getur unnið markvisst að lausn orðadæma og skráð hugsun sína myndrænt og/eða með talnatáknum. • Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0-10.000. • Skilur og getur notað hugtökin neikvæð tala, tugabrot, nefnari, teljari, brotastrik og jafngild brot. • Notar og les rétt úr merkjunum $>$ $<$ $=$. • Þekkir táknin fyrir fermetra og fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð þau.	26.08-25.09 (4 vikur) Undirbúningur fyrir samræmt próf í stærðfræði Hæfniviðmið 3. bekkjar eru fyrst og fremst höfð til hliðsjónar, auk sumra hæfniviðmiða úr 4. bekk Sproti 4a nemendabók, valdar blaðsíður úr köflum 2, 3 og 5. Verkefnablöð og valin verkefni úr gömlum samræmdum prófum. 30.09-04.10 (1 vika) Hnitakerfi Sproti 4a nemendabók, kafli 1, bls. 2 – 17. Sjóorusta. 07.10-12.10 (1 vika) Negatífar tölur Sproti 4a nemendabók, kafli 2, bls. 34 – 38. Ljósrituð verkefni og námsspil. 15.10-09.11 (4 vikur) Tími Sproti 4a nemendabók, kafli 4, bls. 68 – 87. Klukkuforrit í spjaldtölvu. Klukkulottó, klukkudómínó og fleiri námsspil. 12.11-30.11 (3 vikur) Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Sproti 4a nemendabók, kaflar 3 og 5, óunnar blaðsíður síðan í september.	Samvinna. Skrifleg tjáning. Myndræn tjáning. Munnleg tjáning. Námsspil. Skapandi vinna. Kynningar. Unnið í sprotu 4a og 4b nemendabók, unnið í sprotu 4a og 4b æfingahefti þegar tími gefst til. Innlagnir og umræður. Sýnikennsla. Vinnubókarvinna. Munnlegar æfingar. Námsspil. Forrit í spjaldtölvu. Verklegar æfingar. Þrautalausnir. Umræður.	Samræmt próf stærðfræði í lok september. Leiðsagnarmat samhliða vinnu nemenda. Stærðfræðispil. Kaflapróf í lok hvers kafla. 1-2 lokapróf í Sprotu 4a og 4b. Kynningar nemenda á rannsókn í tölfræði. Rannsóknar-skýrsla sett í náms-möppu.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna. Tölur og reikningur Getur lesið og skrifað tölur allt að 10.000. • Getur tekið af og bætt einingum, heilum tugum, hundruðum og þúsundum við tölur allt að 10.000. • Getur námundað að næsta þúsundi. • Getur nýtt sér að kunna summu/mismun tveggja einingatalna (t.d. 8+2) til að geta í fljótheitum lagt saman/ dregið frá sambærilega tugi (80+20), hundruð (800+200) eða þúsund (8000+2000). • Getur unnið með neikvæðar tölur með hjálp talnalínu. • Áttar sig á að hægt að fara ólíkar leiðir að sömu niðurstöðu. • Getur lagt saman með dreifireglu og einnig lóðréttri uppsetningu þar sem þarf að geyma. • Getur dregið frá lárétt og einnig lóðréttt þar sem taka þarf til láns. • Kann margföldunartöfluna utan að (upp í 10 · 10), frá 6·6, 7·7, 8·8. • Getur í fljótheitum margfaldað hvaða heila tölu sem er með 10. • Getur notað dreifireglu og rúðunet til að margfalda saman tölu á milli 10 og 20 og tölu minni en 10. • Getur skráð margföldunar- og deilingardæmi út frá myndum og orðadæmum.	Ýmis námsspil. Margföldunar- og deilingarforrit í spjaldtölvu. 03.12-07.12 (1 vika) Samhverfa og mynstur. Sproti 4a Nemendabók, Osmo, kubbar og form 10.12-20.12 (2 vikur) Jólastærðfræði Ljósrituð verkefni með þrautum tengdum jólum. Verkefnin verða opin og gefa nemendur ýmsa möguleika við lausnaleitina. 03.01. – 18.01. (3 vikur) Ummál og flatarmál Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 4 – 23. Garðurinn okkar, opið verkefni sem nemendur leysa í pörum. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 21.01. – 01.02. (2 vikur) Tölfræði Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 116 – 128. Rannsókn að eigin valin unnið í pörum og kynnt fyrir kennara og bekkjarfélögum. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 04.02 – 22.02. (3 vikur) Margföldun og deiling Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 24 – 47.	Vinnusvæði. Nemendur 3. og 4. bekkjar vinna saman í smærri hópum á vinnusvæðum og er alla jafna unnið á þeim fjórum sinnum í viku. Á vinnusvæðunum leysa nemendur ýmis verkefni í mismunandi námsgreinum og eru þau ýmist sett fyrir af kennara eða valin af nemendum. Vinnusvæði skólaársins verða meðal annars minnissvæði, málfræðisvæði, stærðfræðisvæði, spilasvæði, ritunarsvæði, enskusvæði, rökhugsunarsvæði og þrautasvæði.	



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Skilur tengsl margföldunar og deilingar og getur nýtt sér margföldunartöfluna til að deila í tölur undir 100. • Getur nýtt sér margföldunartöfluna til að margfalda heila tugi með einingu (t.d. $7 \cdot 30$ eða $9 \cdot 400$). • Getur beitt reikniaðgerðunum fjórum við lausn orðadæma með tölum allt að 10.000. • Getur raðað lágum tugabrotum í rétta stærðarröð. • Kynnist hugtakinu tíundi hluti. • Getur fundið hluta af hópi út frá einföldu almennum broti. • Áttar sig á að nefnari segir til um í hvað marga hluta á að skipta. • Áttar sig á að teljari segi til um fjölda hluta af heild. • Þjálfist í að teikna mismunandi almenn brot. • Þjálfist í að skipta hlutbundið í þriðjunga, fjórðunga o.s.frv. • Veit að brotastrik er eitt af deilingartáknunum. • Getur reiknað erlendan gjaldmiðil yfir í íslenskar krónur. • Kann að nota vasareikninn til að framkvæma reikningsaðgerðirnar og þjálfist í að skrá það sem slegið er inn. Algebra • Getur búið til talnamynstur með reiknivélinni, t.d. þegar 3 bætast við aftur og aftur ($3 + = =$). • Getur unnið með vaxandi mynstur og spáð fyrir um fjölda í næsta skrefi.	Hringekja með ýmsum námsspilum og forritum í spjaldtölvu. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 25.02. – 15.03. (3 vikur) Mælingar og tugabrot Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 48 – 69. Námsspil með tugabrotum. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 18.03. – 12.04. (4 vikur) Almenn bot Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 70 – 91. Hringekja með ýmsum námsspilum, pitsugerðarverkefni og forritum í spjaldtölvu. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 22.04. – 10.05. (3 vikur) Reikningur Sproti 4b nemendabók, kafli 7, bls. 92 – 115. Ljósrituð verkefni eftir þörfum, upp úr námsbókum, af veraldarvefnum eða eftir kennara. 13.05. – 24.05. (2 vikur) Uppsóp, upprifjun og lokapróf Lokið við ókláruð verkefni og viðfangsefni annarinnar rifjuð upp, ýmist munnlega, skriflega eða verklega.		



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Getur unnið með óþekkt stærð í einföldum samlagningar- og frádráttardæmum. Rúmfræði og mælingar Þekki hugtökin hnit, hnitakerfi, gráða, hliðrun, snúningur, ummál, fermetri, fersentimetri, desilítri, lítri og geti notað þau. • Getur mælt nákvæmlega með reglustiku. • Getur lesið og skráð hnit punkts. • Getur merkt punkt inn í hnitakerfi. • Getur lesið rétt af hitamæli. • Hefur tilfinningu fyrir lengd sekúndu. • Þekkir samband mín og sek. • Getur lesið rétt úr tímatöflu, s.s. tímasetningu dagskrárliða í fjölmiðlum. • Veit að hringur er 360° og getur reiknað hálfan hring og fjórðung úr hring. • Getur búið til mynstur með því að hliðra og/eða snúa grunneiningu endurtekið. • Skynji stærð m^2 og cm^2. • Getur reiknað ummál tvívíðra hluta og forma. Getur mælt flatarmál með óstöðluðum og stöðluðum mælieiningum. • Tengir á milli margföldunar í rúðuneti og að reikna flatarmál. • Getur reiknað flatarmál rétthyrninga og skráð. • Getur fundið flatarmál mynda með fjölbreytta lögun, með aðstoð rúðuneta. • Getur breytt heilum kg og broti úr kg í g og öfugt, dl í l og öfugt og m í dm og öfugt og skráð með tugabroti. • Getur bætt við og tekið klukkustundir og mínútur af uppgefnum tíma.			



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	Tölfræði og líkindi • Getur unnið einfalda rannsókn. • Getur sett upplýsingar fram í töflu. • Getur sett upp tíðnitöflu. • Getur sett upp súlurit þar sem lesa þarf af báðum ásum.			

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á namfus.is undir flípanum Verkefnabók.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.



Námsgrein og bekkur: Enska 4. bekkur

Vikustundir: 40 mín ca Kennari: Gréta, Erna Þórey og Harpa Rut

Samstarfsfólk: Anna Lísá

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Haust 2019 og vor 2020	Hlustun - Skilur einföld fyrirmæli sem notuð eru í kennslu og tengjast verkefnum. - Getur fylgt einfaldri frásögn með hjálp myndefnis. - Horfir á stuttan myndbút og getur sagt frá efni hans á einfaldan hátt. Lesskilningur - Getur skilið einfaldan texta með stuðningi myndefnis. - Getur svarað einföldum spurningum upp úr stuttum texta. Samskipti - Getur heilsað, kvatt, kynnt sig, beðið um að fara á salerni og þakkað fyrir sig. - Getur sagt aldur sinn í fullri málsgrein. - Getur farið eftir einfaldri samtalsæfingu. - Getur búið til og flutt einfalt samtal. Frásögn - Getur lýst eigin klæðaburði á einfaldan hátt. Ritun	Námsefni og gögn eru af ýmsu tagi og leitast er við að nálgast viðfangsefni með fjölbreyttum hætti og þjálfar orðaforða í gegnum hlustun, tal, áhorf, söng, leik, lestur og ritun. - Right On! - Speak Out! - Work Out! - Adventure Island of English Words - Let's learn and play - Connect bækurnar - Portfolio þemabækurnar, til dæmis Into hobbies og Amazing Animals - Lærum ensku - Ýmis myndbönd af youtube, svo sem stuttar teiknimyndir og sönglög - Námsspil og leikir sem þjálfar orðaforða - Forrit í spjaldtölvum, svo sem Bitsboard og Play With English Orðaforði sem lögð er áhersla á: - Fyrirmæli sem notuð eru eftir fremsta megni í kennslu (listen, think, talk, watch, write, compare og svo framvegis).	Enska í 3. og 4. bekk er kennd í 10 manna aldursblönduðum hópum stóran hluta skólaársins. Enska er kennd á vinnusvæðum og því breytast hóparnir á nokkurra vikna fresti. Innlagnir. Samræður. Þankahríð. Hlustun og áhorf. Lestur. Munnlegar æfingar. Skrifleg verkefnavinna. Námsspil. Leikir.	Leiðsagnarmat samhliða vinnu nemenda. Orðaforðakannanir. Nemendur safna verkefnum sínum í plastmöppu. Við lok annar setja nemendur tvö verkefni í námsmöppuna sína, ásamt sjálfsmati. Nemendur fá skriflega umsögn í Námfúsi í lok skólaársins þar sem lagt er mat á áhuga, þátttöku og vinnusemi, sem og hvernig nemendum hefur gengið að tileinka sér orðaforða sem unnið hefur verið með.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Getur skrifað orð við myndir. • Getur skrifað málsgreinar út frá myndum. • Getur skrifað einfaldar málsgreinar. • Getur skrifað stutt skilaboð og orðsendingar. Menningarlæsi • Þekkir til enskumælandi málsvæða.	• Heilsa og kveðja. • Segja til nafns og spyrja um nafn. • Segja til um aldur og spyrja um aldur. • Segja til um heimkynni og spyrja um heimkynni. • Biðja um að fá að fara á klósett. • Þakka fyrir sig. • Tölur. • Litir. • Fatnaður. • Skólinn og skólastofan. • Sagnir (Things I can do). • Jólaorð og jólalög. • Tilfinningar. • Matur. • Dagar, mánuðir og árstíðir. • Veður. • Náttúran.		



Námsgrein og bekkur: Náttúrugreinar í 4. bekk

Vikustundir: 2 klst. og 20 mín.

Kennarar: Harpa Rut og Erna Þórey

Samstarfsfólk: Anna Lísá

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
23.08. – 04.06. Haust og vor	Geta til aðgerða - Getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. - Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gengur vel um. - Getur greint frá ólíkum sjónarmiðum um náttúruvernd, tækni og fleira. - Sýnir frumkvæði og sjálfstæði við heimildaleit. Nýsköpun og hagnýting þekkingar - Getur fundið lausnir á vandamálum í daglegu lífi eða í umhverfi okkar, út frá hugmyndum um nýsköpun. - Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd tækni. Gildi og hlutverk vísinda og tækni - Getur útskýrt viðfangsefni náttúruvísinda munnlega og myndrænt. - Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í ræðu og riti. - Getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. - Gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu.	Hringrásir í náttúrunni. Nemendur læra um ýmsar hringrásir í náttúrunni, svo sem hringrás vatns, lífsferla valinna lífvera, fæðukeðjur og sundrendur. Mikil áhersla er lögð á hvers kyns vangaveltur og samræður um efnið, sem og myndræna útfærslu í verkefnavinnu. Verkefni nemenda felast gjarnan í því að teikna upp hinar og þessar hringrásir ásamt stuttum skriflegum útskýringum. Jafnframt verða gerðar nokkrar einfaldar athuganir og skrifaðar einfaldar rannsóknarskýrslur um þær. Námsefni: Námsbókin <i>Komdu og skoðaðu hringrásir</i>, <i>Komdu og skoðaðu</i> vefurinn, ýmsar fræðibækur, myndbönd og fleira á netinu og efni og áhöld fyrir einfaldar athuganir. Himingeimurinn. Nemendur læra um hitt og þetta sem tengist himingeimnum, svo sem reikistjörnurnar, tunglið, smástirnið Plútó, svarthol og geimferðir. Leitast verður við að nálgast viðfangsefnið með fjölbreyttum hætti og samþætta það íslensku. Verkefni	Einstaklingsvinna. Paravinna. Hópvinna (samvirkt nám og sérfræðingahópar). Lestur. Gagnvirkur lestur og fleiri lestraraðferðir. Innlagnir og útskýringar á töflu. Glærusýningar með texta, myndum og myndböndum. Umræður. Skrifleg- og myndræn verkefni. Athuganir og tilraunir. Ýmis forrit í spjaldtölvum. Myndræn tjáning. Munnleg tjáning. Skrifleg tjáning.	Leiðsagnarmat samhliða vinnu nemenda. Nemendur safna verkefnum sínum í plastmöppu jafnt og þétt yfir tímabilið. Kannanir. Kynningar nemenda á reikistjörnuverkefni, nýrri uppfinningu og smádyraverkefni. Nemendur velja nokkur verkefni til að setja í námsmöppu ásamt sjálfsmati og kennaramati. Skrifleg umsögn við lok beggja anna, byggð á leiðsagnarmati, verkefnum, könnunum og matsblöðum í námsmöppu.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	Vinnubrgögð og færni - Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. - Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem lestri, vettvangsathugunum og tilraunum. - Getur rætt um náttúrufræðileg efni, bæði í samræðum og í kynningum, og sýnt virka hlustun. - Getur valið sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og unnið með það á fjölbreyttan hátt. Ábyrgð á umhverfinu - Getur skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi. - Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. - Getur rætt um umhverfismál og hvernig maðurinn tengist náttúrunni. - Getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. Að búa á jörðinni - Getur lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks. Lífsskilyrði manna	nemenda verða af ýmsu tagi, svo sem hugtakakort, skýringamyndir, krossorðaglífur, samanburðartöflur og heimildaritun. Jafnframt verður eitt stórt samvinnuverkefni í anda sérfræðingahópa þar sem litlir nemendahópar útbúa veggspjald um eina reikistjörnu og fræða svo aðra nemendur um sína stjörnu. Námsefni: Námsbókin <i>Komdu og skoðaðu himingeiminn</i>, <i>Komdu og skoðaðu</i> vefurinn, námsbókin <i>Tunglið</i>, myndbönd, fræðitextar og myndir úr ýmsum bókum og af netinu. Tækni og tækniframfarir. Nemendur læra um tækni fyrr og nú. Skoðað er hvernig tæknin hefur breyst og hvaða áhrif hefur hún hefur haft á líf manna, svo sem á heimilum fólks, í samskiptum, í heilbrigðismálum og í samgöngum. Mikil áhersla verður lögð á samræður og vangaveltur um notagildi og gagnsemi hinna ýmsu uppfinninga og tækninýjunga. Nemendur vinna ýmis smærri verkefni auk samvinnuverkefnis þar sem þeir finna upp nýja uppfinningu. Námsefni: <i>Komdu og skoðaðu tæknina</i>, ýmsar fræðibækur og efni af netinu, svo sem myndir og myndbönd. Smádýr í náttúru Íslands. Nemendur fræðast smádýr sem finnast í náttúru Íslands, fyrst og fremst ánamaðka		



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Þekkir einkastaði líkamans og hvernig bregðast á við ef mörkin eru brotin. • Getur rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu. • Getur lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og nefnt dæmi um hvernig maðurinn hefur aðlagast mismunandi hitastigi á jörðinni. Náttúra Íslands • Getur sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. • Þekkir helstu smádýr á Íslandi og helstu einkenni þeirra. • Getur útskýrt einkenni lifandi vera og hvernig þær aðlaga sig umhverfi sínu. • Getur útskýrt og teiknað upp fæðukeðjur. • Getur greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi. Heilbrigði umhverfisins • Getur flokkað úrgang og áttar sig á mikilvægi þess fyrir jörðina. • Getur gert grein fyrir stöðugum hringrásum í náttúrunni, svo sem hringrás vatns og hlutverki sundrenda. • Getur fjallað um samspil manns og náttúru. Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu • Getur flokkað gerviefni og náttúruleg efni, til dæmis við flokkun úrgangs.	og köngulær en einnig flugur, bjöllur og fiðrildi. Mikil áhersla verður á að nemendur þjálfist í heimildaöflun og að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Verkefni verða að miklu leyti unnin í ýmsum forritum í spjaldtölvum, svo sem Kahoot!, Popplet, Classkick og Book Creator. Námsefni: Námsbókin <i>Köngulær</i>, námsbókin <i>Ánamaðkar</i>, ýmsar fræðibækur, vefefni um smádýr á vef MMS (https://mms.is/namsefni/greiningarlyklar-um-smadyr-vefur) og myndir og myndbönd af netinu.		



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	• Getur rætt hvernig uppfinningar hafa breytt lífi fólks, ýmist til hins betra eða verra. • Getur sagt frá þróun algengra rafmagnstækja. • Getur gert athuganir með segla.			

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.



Námsgrein og bekkur: Upplýsingatækni 4. bekkur

Vikustundir: 40 mín ca Kennari: Guðný S. Ólafsdóttir

Samstarfsfólk: Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúi

Tími	Viðfangsefni, hæfniviðmið Markmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: - Nýtt sér upplýsingaver til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. - Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum. - Leitað upplýsinga á leitarvefjum og nýtt sér við verkefnavinnu. - Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. - Unnið með heimildir - Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. - Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum. - Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. - Unnið í Office forritum (Word, Power Point, Publisher, Excel) og einnig í Google forritum (docs, slides, tables...) - Unnið við forritun m.a. í Scratch o.fl - Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.	Google Drive – Docs, slides o.fl. Saga um göngudag að hausti – sett inn mynd, breyta texta Unnið í kennsluforritum á nams.is Unnið í Ozmo Typingclub.com, fingrasetning Afmæliskort í Word, unnið í textbox Verkefni fyrir smíðar, púsluspil Mynd í Paint, sett inn í Word, talblöðrur og texti. Kynning í Google Slides, Dalvík QR kóðar	Nem. fá netfang og vinna ýmis verkefni á Google svæðinu sínu. Unnið í Google Slides, samvinnuverkefni, kynningu á Dalvík Verkefni í Docs sem deilt er með kennara; sumarfríð mitt. Fingrasetning þjálfuð á vefsíðunni typingclub.com Unnið í ýmsum kennsluforritum, s.s. á nams.is og skolavefurinn.is. Skoðaðar og unnið með valdar síður á Internetinu. Google Sheets kynnt lítillega og gerð súlu- og línurit.	Virkni, áhugi, færni og hegðun eru þeir þættir sem metnir verða jafnt og þétt allan veturinn.



Tími	Viðfangsefni, hæfniviðmið Markmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	iPad, forritun. - Scratch Jr, - Run Marco - Ozmo - Sphero - Code.org, Hour of code Kveðja í jólakort í samráði við umsjónarkennara Ýmis verkefni í tengslum við valið þema í samstarfi við aðra kennara.	Fjallað um netöryggi og gert verkefni þar að lútandi. Kynnast notkun QR kóða með völdum verkefnum	

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.



Námsgrein: Heimilisfræði 4. bekkur

Vikustundir: 30 mínútur

Kennari: Ingibjörg R. Kristinsdóttir

Samstarfsfólk:

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
